

Ed. **549. Frumvarp til laga** [266. mál]

um breyting á lögum nr. 107/1973 um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

1. Í stað orðanna „allt að 60 milljónum kr.“ í 1. tölulið 3. gr. laganna kemur: allt að 90 milljónum kr.
2. Í stað orðanna „140 milljónir kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laganna kemur: 340 milljónir kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórn Þörungavinnslunnar h. f. hefur óskað eftir því, að frumvarp þetta verði flutt, vegna mikilla verðhækkana, sem orðið hafa á kostnaði framkvæmda frá því að löggin um þörungavinnslu voru samþykkt í desember 1973. Hefur ríkisstjórnin fallist á að verða við þeirri beiðni. Frumvarpið felur í sér heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutfé ríkissjóðs í fyrirtækinu úr 60 milljónum kr. í 90 milljónir kr. og er gert ráð fyrir, að hlutfjár aukningin verði tekin inn í fjárlög árin 1976 og 1977. Er ríkisstjórninni heimilað að taka bráðabirgðalán til þess að unnt sé að greiða fyrirhugaða hlutfjár aukningu þegar á þessu ári. Þá felur frumvarpið í sér heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutfélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 340 milljónir kr. í stað 140 milljóna kr. samkv. gildandi lögum.

Þörungavinnslan h. f. var stofnuð í mars 1974 á grundvelli laga nr. 10/1973. Hlutfé er 68.8 milljónir kr., en þar af er hlutur ríkissjóðs 60 milljónir kr. Ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis um framkvæmdir var byggð á áætlun, sem Undirbúningsfélag þörungavinnslu h. f. lét gera og lögð var fram í október 1973.

Framkvæmdir hófust í júní 1974. Lokið er við að byggja 1500 fermetra húsnæði fyrir vélar, verkstæði og skrifstofur fyrirtækisins. Vélar í þurrkstöð eru þegar komnar og ýmis tækjabúnaður er að koma til landsins. Stefnt er að því, að starfræksla fyrirtækisins geti hafist á miðju þessu ári.

Frumvarpi þessu fylgir greinargerð stjórnar Þörungavinnslunnar h. f. um endurskoðaðan stofnkostnað og rekstrarkostnað Þörungavinnslunnar h. f. dags. 24. mars 1975.

Greinargerð stjórnar Þörungavinnslunnar h. f.

Nýlega hafa stofnkostnaðar- og rekstraráætlanir fyrirtækisins verið endurskoðaðar. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er, að frá því í október 1973 hefur stofnkostnaður hækkað úr 212 milljónum kr. í 422 milljónir kr. Þessi mikla hækkun á stofnkostnaði stafar að mestu leyti af breyttu gengi ísl. krónunnar en að nokkru leyti af erlendum og öðrum innlendum verðhækkunum, m. a. vegna launasamninga í febrúar 1974.

Þrátt fyrir þessar miklu verðhækkanir hefur áætluð rekstrarafkoma fyrirtækisins batnað mjög verulega. Annars vegar hefur gengislækkun aukið áætlaðar tekjur mun meira en kostnað og hins vegar hefur verið gengið frá nýjum verðlagsgrundvelli í samningum við skoska fyrirtækið Alginate Industries Ltd., Skotlandi, sem gerir ráð fyrir 28% hækkun í sterlingspundum frá verðlagsgrundvelli 1974 til ársins 1975.

Miðað við núverandi áætlaðan rekstrarkostnað og verðið, sem gildi fyrir árið 1974 reynist arðsemi fyrirtækisins vera um 17% af áætlaðri fjárfestingu, en ef miðað er við umsamið verð 1975 og gert ráð fyrir allnokkrum hækkunum á rekstrarkostnaði á árinu, reynist arðsemin um 22% af heildarfjárfestingu eins og hún er áætluð. Rétt er að minna á, að við afgreiðslu þingsins á lögum um þörungavinnslu í des. 1973 var arðsemin á sama grundvelli áætluð 12.1%.

Þessi miklu hagstæðu áhrif af völdum gengisbreytingar og verðhækkunar afurða stafa fyrst og fremst af því, að erlend aðföng eru mjög litið. Nettó gjaldeyrstekjur af starfseminni miðað við að framléiðslan verði öll flutt út eru því hlutfallslega mjög miklar miðað við heildarveltu fyrirtækisins.

Endurskoðuð stofnkostnaðaráætlun pr. 21. 3. 1975 (1000 kr.).

1. Þangöflun	kr.	190 046
2. Votmeðferð	—	30 160
3. Vélar í verksmiðju	—	65 231
4. Lagnir í verksmiðju	—	17 312
5. Mjölmeðferð	—	27 772
6. Verksmiðjuhús	—	31 587
7. Undirstöður	—	22 037
8. Undirbúningsvinna	—	12 506
9. Hús starfslíðs	—	18 210
10. Vextir á byggingartíma	—	7 900
	Samtals kr.	422 761

Rekstrarkostnaðaráætlun — Samantekin pr. 21. 3. 1975.

Þangverkun	1000 kr/ár	kr/tn
Launakostnaður	15 131	2 263
Raforka/jarðvarmi	21 998	3 291
Viðhald	11 161	1 670
Afskriftir	13 587	2 032
Þurrkunarkostnaður alls	61 877	9 256
Þangöflun		
Launakostnaður	39 983	5 981
Fæði/húsnæði/flutningar	12 694	1 899
Eldsneyti	8 270	1 237
Viðhald	18 784	2 810
Afskriftir	19 005	2 843
Net	4 600	688
Þangtekjuggjöld	3 740	559
Öflunarkostnaður alls	107 076	16 017
Sameiginlegur kostnaður		
Launakostnaður	6 867	1 027
Annar kostnaður	14 030	2 099
Sameiginlegur kostnaður alls	20 897	3 126
Útskipunarkostnaður/vörugjald	6 189	926
FOB kostnaður	196 039	29 325
SÖLUTEKJUR: 6 685 t á 120 £/t á 360 kr/£	288 792 þús.	
FOB KOSTNAÐUR	196 039 —	
TEKJUAFGANGUR FYRIR SKATTA	92 753 þús.	

$$\text{ARÐSEMI} = \frac{92\,753 \times 100}{422\,761} = 21,9\%$$